

Ósk um framkvæmdaleyfi

Viðtakandi: Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi

Dags: 22.11.2024

Málsnúmer: 202404075

Sendandi: Erna Rós Bragadóttir, Verkefnastjóri

Vatnsveitutengingar við Lokahús við Víðiteig

Í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 óska MosVeitur eftir heimild skipulagsnefndar til þess að grafa í jörðu nýja vatnslögn frá Reykjavegi og að Lokahúsi og svo frá Lokahúsi og að tengipunkti við vatnslögn fyrir utan lóð Völuteigs 25.



Verkið fellst í lagningu stofnlagnar vatnsveitu sem er framhald lagnarinnar sem að var lögð frá Skarhólabraut og að að tengipunkti ídráttarröra sem að liggja undir Reykjaveg. Lögnin kemur til með að liggja frá þeim tengipunkti og tengjast við lokahúsið. Frá lokahúsinu þarf svo að leggja stofnlögn sem að tengist við eldri stofnlögn sem að liggur upp í Helgafellshverfi. Lögnin er liður í því að hægt sé að taka nýja vatnstankinn í fulla notkun.

Um leið og vatnstankurinn er komin í notkun er verið að bæta rekstraröryggi vatnsveitunnar í bænum ásamt því að brunavarnir verða betri. Er fyrirhuguð lögn mikilvægur liður í þeirri öryggiskeðju.

Unnið er meðfram lóðum við Völuteig. Merkingar og öryggi verður tryggt. Verklok eru áætluð í ágúst 2025.

*Virðingarfyllt,
Erna Rós Bragadóttir*

Fylgiskjal: Verkeikningar og hnitsetning lagnar.